

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Bæjarstjórn Árborgar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg frá 16. janúar 2002.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 11.500 – á íbúð.
Af sorpgjaldi vegna sumarhúsa og annars íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu sem nýtt er til tímabundinnar dvalar, án fastrar búsetu, er heimilt að veita allt að 50% afslátt.
- b) Hesthús í skipulögðum hesthúsabyggðum kr. 8.800 – á hús.
Gjaldið skiptist milli eigenda fjöleignarhesthúsa í hlufalli við eignarhluti.

Sorpgjöld skal innheimta með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Árborgar, staðfestist hér með, skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Fjárhæðir skv. 2. gr. endurskoðast árlega við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

Samþykkt í heilbrigðisnefnd Suðurlands 11. janúar 2006.

Bæjarstjórinn í Sveitarfélaginu Árborg, 30. janúar 2006.

Einar Njálsson.

B-deild – Útgáfud.: 10. febrúar 2006